

58. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund þriðjudaginn 10. október 2006 í Ráðhúsinu. Mætt voru Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, Eyþór Benediktsson, Dagbjört Höskuldsdóttir, Guðrún Erna Magnúsdóttir, Erna Guðmundsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Umsóknir um stöðu forstöðumanns Amtsbókasafnsins.
Tvær umsóknir hafa borist um stöðuna. Samþykkt að mæla með Ragnheiði Óladóttur í starfið.
2. Önnur mál.
 - a) Guðrún Hauksdóttir hefur tekið að sér að tengja nýjar bækur í landsaðgang Gegnis.
 - b) Undirbúningsvinna vegna byggingar nýs bókasafns og stækkunar grunnskóla og tónlistarskóla er hafin. Skilafrestur tillagna er í byrjun janúar 2007. Rætt um mikilvægi þess að safnanefnd kynni sér hvað gert hafi verið annarsstaðar og skoði hvernig reynsla hafi fengist annarsstaðar. Samþykkt að funda fljótlega að nýju að lokinni athugun og setja þá niður punkta og hugmyndir nefndarinnar.
 - c) Erla upplýsti að Haraldur Sigurðsson stefni að því að flytja eldfjallasafn sitt til Íslands í nóvember.

Fundi slitið kl. 17.55.

Eyþór Benediktsson (sign.),
Magnús A. Sigurðsson (sign.),
Guðrún Erna Magnúsdóttir (sign.),
Dagbjört Höskuldsdóttir (sign.),
Erna Guðmundsdóttir, fundarritari (sign.).